

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr. 684
Millifiskur nr. 1	— 642
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 547
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 505

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök.

15/20 FF	kr. 812
15/20 AB	— 687
21/25 FF	— 785
21/25 AB	— 664
26/30 FF	— 757
26/30 AB	— 640
31/35 FF	— 728
31/35 AB	— 616
36/40 FF	— 701
36/40 AB	— 593

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 5%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. nóvember 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

fyrir Vinnuheimili S.Í.B.S. að Reykjalundi.

1. gr.

Stofnunin er eign S.Í.B.S., og rekin af því, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari. Fjárhagur hennar er aðskilinn öðrum fjármálum sambandsins.

2. gr.

Starfssvið stofnunarinnar er læknisfræðileg, atvinnuleg og félagsleg endurhæfing og vinna við vernduð störf.

3. gr.

Berkla- og brjóstholssjúklingar skulu hafa forgang samkvæmt lögum S.Í.B.S. að ¼ hluta vistrýmis og skjólstaðingar Geðverndarfélagss Íslands samkvæmt sérstökum samningi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, einum kjörnum af þingi S.Í.B.S., tveim kosnum úr hópi stjórnar sambandsins, og tveim kjörnum samkv. lögum nr.

57/1978 um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. af starfsmannaráði og viðkomandi sveitarstjórn.

Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn.

Stjórnin skal kosin til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing.

Stjórn stofnunarinnar heldur fundi svo oft, sem þörf krefur og skulu fundargerðir hennar bókaðar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er fundur lögmætur ef meira en helmingur stjórnarinnar situr fund.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og yfirlækni í samráði við sambandsstjórn S.Í.B.S. Framkvæmdastjóri og yfirlæknir ráða annað starfsfólk og ákveða kjör í samráði við stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórn stofnunarinnar skal gæta þess, að vörubirgðir, peningar og aðrar eignir séu rétt taldar um áramót. Reikningar stofnunarinnar skulu lagðir fyrir sambandsstjórn, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, til samþykktar.

7. gr.

Stjórnin ákveður laun og hámarksvinnutíma þeirra sem vinna vernduð störf.

8. gr.

Yfirlækni og framkvæmdastjóra er heimilt að vísa þeim vistmanni burt af heimilinu, sem með hegðun sinni veldur truflunum eða verður uppvis að vanrækslu við störf sín.

9. gr.

Stjórn S.Í.B.S. getur breytt reglugerð þessari að fenginni umsögn eða tillögu stjórnar og yfirlæknis stofnunarinnar, enda verði breytingar staðfestar af heilbrigðismálaráðuneytinu.

10. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 57/1978 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 12 24. janúar 1945 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Njarðargata verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Sóleyjargötu.